

## GJALDSKRÁ

### fyrir kattahald í Fjallabyggð.

#### 1. gr.

Vegna katta í Fjallabyggð skal Fjallabyggð innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar nr. 636/2012 um kattahald í Fjallabyggð.

#### 2. gr.

Leyfishafi kattar skal greiða árlega leyfisgjald kr. 10.200. Innifalinn í leyfisgjaldi er sá kostnaður sem verður vegna umfjöllunar, umsýslu, auglýsinga, skráningar, heilbrigðisskoðunar dýralæknis, ormahreinsunar og aflesara. Allur annar kostnaður sem til fellur vegna katta, skal greiddur af leyfishafa.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 3. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 14. gr. samþykktar nr. 636/2012 um kattahald í Fjallabyggð, skal vera 6.000 kr. Ef vista þarf kött yfir nótt, skal greiða vörslugjald að fjárhæð 1.000 kr. fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað Fjallabyggðar vegna kattar.

Eigandi kattar getur fengið hann afhentan, að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu fyrir greiðslu handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessa skal bæjarstjórn taka til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

#### 5. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 13. desember 2017 á grundvelli 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1304/2016.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 13. desember 2017.

*Fjallabyggð, 18. desember 2017.*

**Guðrún Sif Guðbrandsdóttir,**  
deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála.